



Íslenska 7. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Við lok 7. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Talað mál, hlustun og áhorf</p> <p>Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar</p> <p>Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar</p> <p>Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum</p> <p>Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum</p> <p>Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt</p> <p>Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</p>	<p>Þjálfar nemendur í að koma fram með mismunandi texta og í margvíslegum tilgangi</p> <p>Gefa nem. fjölbreytt tækifæri til að koma fram með erindi</p> <p>Lesar fyrir nemendur t.d. í nestistímum og öðrum námsgreinum eftir þörfum (t.d. oft þörf í þema því þá er flóknari texti)</p> <p>Ræða gagnrýnið málefni líðandi stundar – fá nemendur til að taka þátt í umræðum og mynda sér skoðun</p> <p>Reglulegir framsagnartímar þar sem nemendur koma bæði undirbúin og óundirbúin fram með margvísleg verkefni (ljóð, sögur, eigin ritun)</p> <p>Vikulegir bekkjarfundir þar sem allir fá tækifæri til að koma skoðun sinni á málefnum á framfæri – fylgja hefðbundnum fundarsköpum</p> <p>Skrá hópinn í stóru upplestrarkeppnina</p> <p>Leggja fyrir verkefni sem krefjast framsagnar og kynningar</p>	<p>Taki virkan þátt í dagskránni eins og hún kemur fyrir</p> <p>Beri ábyrgð á eigin námi</p> <p>Æfi sig fyrir framsagnartíma samviskusamlega</p> <p>Rökstyðji skoðun sína eða mál sitt</p> <p>Fylgist vel með þeim myndböndum sem sýnd eru í kennslustundum</p>	<p>Kynningar á verkefnum metnar til einkunnar innan þess viðfangsefnis sem um ræðir</p> <p>Framsögn metin og gefin umsögn fyrir</p> <p>Stóra upplestrarkeppnin</p>



<p>Lestur og bókmenntir</p> <p>Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað</p> <p>Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta</p> <p>Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta</p> <p>Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann</p> <p>Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma sjónarhorni, sögusviði og boðskap, Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap</p> <p>Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga</p> <p>Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær</p> <p>Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til</p>	<p>Nemendur lesa bókmenntir að eigin vali allan veturinn og eru hvattir til að lesa fjölbreytta texta eftir bæði íslenska og erlenda höfundu.</p> <p>Kennararnir velja bækur sem þeir lesa upphátt fyrir nemendur.</p> <p>Nemendur þjálfast þannig í að hlusta á upplestur sem og að taka eftir aðalatriðum.</p> <p>PALS; pör að læra saman: endursögn texta, draga saman efnisgreinar, forspá</p> <p>Innlagnir kennara</p> <p>Stöðvavinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Jafningjafræðsla, nemendur hjálpa hver öðrum</p> <p>Lestrarsprettur tvisvar á árinu</p> <p>Krafa um daglegan heimalestur</p> <p>Gefa tíma til lesturs í ýmsu formi á skólatíma: s.s. yndislestur, hlustun, gagnvirkur lestur</p>	<p>Auka lestrarfærni sína með lestri daglega</p> <p>Efla lesskilning sinn með því að nýta sér tæknina sem þau læra í PALS og aðrar þjálfunarleiðir sem kenndar eru</p> <p>Efla löngun sína til að lesa sér til ánægju og skilnings</p> <p>Hlusta á, lesa og vinna með ólíkar textagerðir (lestrarkassinn t.d.)</p> <p>Geri bókarýni um hluta þeirra bóka sem þeir lesa yfir árið</p> <p>Orðakista sem þau vinna heima í tengslum við heimalestur, margvísleg verkefni</p> <p>Nemendur halda skrá yfir þær bækur sem þau lesa yfir veturinn</p>	<p>Samræmd próf í september</p> <p>Ástundun heimalestrar metin vikulega</p> <p>Hraðlestrarpróf 3-4 sinnum á vetri</p> <p>Orðarún lögð fyrir að hausti</p> <p>Lesskilningur prófaður á samþættu íslenskuprófi</p>
--	--	--	--



gagns og ánægju			
<p>Ritun</p> <p>Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur</p> <p>Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni</p> <p>Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlut deild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa</p> <p>Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim</p> <p>Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun</p> <p>Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda</p> <p>Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu</p>	<p>Í allri ritunarkennslunni er lögð áhersla á að nemendur endurskoði texta sinn undir leiðsögn kennara og bæti þannig ritsmíðar sínar. Með því að nemendur gefi út ritunarverkin sín fær hún aukinn tilgang</p> <p>Innlagnir kennara</p> <p>Fjölbreytt verkefni í stöðvavinnu</p> <p>Hópavinna</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Sóknarskrift</p> <p>Ræða um og vekja athygli á mismunandi orðum og merkingu þeirra</p> <p>Heimavinna í ritun, vikulega til aðra hverja viku</p> <p>Gera úrdrátt úr Benjamín dúfu eða öðru bókmenntaverki</p> <p>Kynna og gefa dæmi um mismunandi ritunarstíla (nota ritunarstoðirnar okkar og sjálfsmatsblöðin, ritunarvegabréfið)</p> <p>Unnið er í ritun bæði í íslensku, heimanámi og í þemum</p> <p>Gefa nemendum tækifæri á að vinna áhugaverkefni og skila af sér með kynningu í lok verksins</p>	<p>Skrifa mismunandi texta</p> <p>Nota ímyndunaraflíð</p> <p>Auka orðaforða</p> <p>Skrifa skýrt og læsilega</p> <p>Draga rétt til stafs</p> <p>Hafa hæfilegt bil á milli orða</p> <p>Hafa spássíu</p> <p>Byggja upp texta; upphaf, miðju og meginmál (hamborgari)</p> <p>Semja texta frá eigin brjósti, ss. sögu, frásögn, ljóð, auglýsingar, fréttir</p> <p>Skrifa texta úr frá hughrifum/myndefni (sbr. ritun á samræmdu prófi)</p> <p>Stafsetja orð og nota fyrirmyndarmálgreinar</p> <p>Skrifa texta á tölvu</p>	<p>Nemendur eru metnir á fjölbreyttan hátt eins og gert er ráð fyrir í aðalnámsskrá grunnskóla. Þeir eru metnir jafnt og þétt yfir önnina. Þegar einkunn hefur verið gefin birtist hún í Verkefnabók á Mentor en þannig geta foreldrar fylgst betur með námsárangri barna sinna.</p> <p>Í ritun fá nemendur einkunn fyrir innihald, málfar, stafsetningu og vinnusemi. Þá fá þeir einkunn fyrir kynningu á ritunarverkefnum.</p> <p>Matskvarði fyrir ritgerðir fyrirfram gefinn</p> <p>Leitast verður við að meta sem fjölbreyttust verkefni í bland við próf þannig að haust- og vorannareinkunnin endurspegli sem best hæfni nemandans í íslensku</p>



<p>Málfræði</p> <p>Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og skilning á gildi þess</p> <p>Notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun</p> <p>Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum</p> <p>Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra</p> <p>Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta</p> <p>Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins</p> <p>Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað</p> <p>Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,</p> <p>Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu</p>	<p>Innlagnir kennara</p> <p>Stöðvavinna (Morris)</p> <p>Málfræðiæfingar</p> <p>Hópavinna</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Jafningjafræðsla</p> <p>Stafsetningarupplestur</p> <p>Orðakistur</p> <p>Skrifa upp „réttan texta“</p> <p>Sóknarskrift</p> <p>Ræða tungumálið og mikilvægi þess að halda því við</p> <p>Bera íslensku saman við önnur tungumál t.d. ensku</p> <p>Nemendur fá kennslu í helstu þáttum íslenskrar málfræði en málfræðin er kennd mest í gegnum þau verk sem nemendur eru að skrifa sem eru margvísleg bæði í íslensku og samfélagsfræði.</p> <p>Nemendur eru hvattir til að sýna ábyrgð þegar þeir rita og nota þær reglur sem þeir hafa lært og eiga að kunna.</p>	<p>Vinna með málfræðiæfingar á fjölbreyttan hátt, meðal annars með stöðvavinnu.</p> <p>Þjálfa notkun á málfræðihugtökum</p> <p>Leggja sig fram við að læra skammstafanir hugtaka</p> <p>Beiti málfræðihugtökum og eru meðvituð um gott málfar</p> <p>Taki vel eftir í tímum og sýni ábyrgð á eigin námi</p> <p>Noti leiðréttingarforrit í tölvu þegar verkefni eru unnin í tölvu</p> <p>Nýti Internetið til að leita upplýsinga um t.d. beygingu orða ef þau eru óviss (t.d. Árnastofnun)</p> <p>Fletti upp í orðabók ef þörf krefur</p>	<p>Nemendur eru metnir á fjölbreyttan hátt eins og gert er ráð fyrir í aðalnámsskrá grunnskóla.</p> <p>Þeir eru metnir jafnt og þétt yfir önnina. Þegar einkunn hefur verið gefin birtist hún í Verkefnabók á Mentor en þannig geta foreldrar fylgst betur með námsárangri barna sinna.</p> <p>Málfræðiþekking nemenda verður könnuð með prófum.</p> <p>Leitast verður við að meta sem fjölbreyttust verkefni í bland við próf þannig að haust- og vorannareinkunnin endurspegli sem best hæfni nemandans í íslensku</p> <p>Jafningjamat</p> <p>Verkefnamöppur/verkefnabækur</p> <p>Samræmd próf að hausti</p>
--	---	--	--